

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga**  
**og**  
**Félags atvinnurekenda**

**1. gr.**

**Inngangur**

Samningurinn byggir á sömu forsendum og samið hefur verið um í kjarasamningi RSÍ við SA/SART og skoðast sem hluti samnings þessa. Komi til þess að samningsforsendur standist ekki skulu aðilar leitast við að ná samkomulagi um breytingar á samningi þessum til að markmið hans náist. Að öðrum kosti gilda ákvæði samningsforsendna um gildistíma samningsins.

Samningurinn gildir til 1. febrúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum eru.

**2. gr.**

**Almenn launahækkun:**

1.6. 2011:	4,25%.
1.2. 2012:	3,5%.
1.2. 2013:	3,25%.

**Lágmarkstaxtar hækka sem hér segir:**

1. 6. 2011	kr. 12.000
1. 2. 2012	kr. 11.000
1. 2. 2013	kr. 11.000

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

**3. gr.**

**Kauptaxtar**

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem eru hluti samnings þessa, sbr. fylgiskjal. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

**4. gr.**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2012 kr. 50.500.

Á árinu 2013 kr. 52.100.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

#### **5. gr.**

Grein 2.2.1. orðist svo:

Yfirvinnukaup greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

#### **6. gr.**

##### **Eingreiðslur**

Eingreiðsla 1. júní kr. 50.000 fyrir starfsmann í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars - maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl 2011. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí 2011. Starfsmenn í hlutastarfi fá hlutfallslegar greiðslur m.v. starfshlutfall hvers og eins.

#### **7. gr.**

##### **Aðrir þættir**

Aðilar eru sammála um að aðrir þættir sem samið hefur verið um á milli ASÍ og SA og ekki eru í samningi þessum komi inn í samning þennan, eftir því sem við á, sbr. fylgiskjal I.“

#### **8. gr.**

##### **Afgreiðsla kjarasamninga**

Tilkynna skal um niðurstöðu atkvæðagreiðslu um samninginn fyrir kl. 14.00 10. júní 2011

Reykjavík 17. maí 2011

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna  
aðildarfélaga

F.h. Félags atvinnurekenda

## RSÍ - launataxtar 2011-2013

### Rafiðnaðarmaður að loknu tveggja ára fagnámi

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Laun	200.394	211.394	222.394

### Rafiðnaðarmaður með viðurkennd starfsréttindi en uppfyllir ekki skilyrði um sveinspróf skv. íslenskum reglum eða að loknu þriggja ára starfsnámi

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Laun	226.627	237.627	248.627

### Rafiðnaðarmaður með sveinspróf

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Byrjunarlaun	250.474	261.474	272.474
Eftir 1 ár	254.825	265.825	276.825
Eftir 3 ár	259.286	270.286	281.286
Eftir 5 ár	265.768	276.768	287.768
Eftir 7 ár	271.083	282.083	293.083

### Rafiðnaðarmaður með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistararéttindi

	<b>1.6.2011</b>	<b>1.2.2012</b>	<b>1.2.2013</b>
Laun	283.000	294.000	305.000

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1. júní 2011

	Mánaðar laun	Viku laun	Dag vinna	Yfir vinna	Stórh. vinna
<b>Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi</b>	<b>200.394</b>	46.246	1156	2081	2755
<b>Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi</b>	<b>226.627</b>	52.299	1307	2354	3116
<b>Rafiðnaðarsveinn - byrjunarlaun</b>	<b>250.474</b>	57.803	1445	2601	3444
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár</b>	<b>254.825</b>	58.807	1470	2646	3504
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár</b>	<b>259.286</b>	59.836	1496	2693	3565
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár</b>	<b>265.768</b>	61.332	1533	2760	3654
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 7 ár</b>	<b>271.083</b>	62.559	1564	2815	3727
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár með meistararéttindi</b>	<b>283.000</b>	65.309	1633	2939	3891
10	290.075	66.942	1674	3012	3989
11	297.327	68.615	1715	3088	4088
12	304.760	70.331	1758	3165	4190
13	312.379	72.089	1802	3244	4295
14	320.188	73.891	1847	3325	4403
15	328.193	75.738	1893	3408	4513
16	336.398	77.632	1941	3493	4625
17	344.808	79.573	1989	3581	4741
18	353.428	81.562	2039	3670	4860
19	362.264	83.601	2090	3762	4981
20	371.321	85.691	2142	3856	5106
21	380.604	87.833	2196	3953	5233
22	390.119	90.029	2251	4051	5364
23	399.872	92.280	2307	4153	5498
24	409.869	94.587	2365	4256	5636
25	420.116	96.952	2424	4363	5777

Yfirvinna er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1. febrúar 2012\*

	Mánaðar laun	Viku laun	Dag vinna	Yfir vinna	Stórh. vinna
<b>Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi</b>	<b>211.394</b>	48.784	1220	2195	2907
<b>Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi</b>	<b>237.627</b>	54.838	1371	2468	3267
<b>Rafiðnaðarsveinn - byrjunarlaun</b>	<b>261.474</b>	60.341	1509	2715	3595
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár</b>	<b>265.825</b>	61.345	1534	2761	3655
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár</b>	<b>270.286</b>	62.375	1559	2807	3716
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár</b>	<b>276.768</b>	63.871	1597	2874	3806
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 7 ár</b>	<b>282.083</b>	65.097	1627	2929	3879
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár með meistararéttindi</b>	<b>294.000</b>	67.847	1696	3053	4043
10	301.350	69.544	1739	3130	4144
11	308.884	71.282	1782	3208	4247
12	316.606	73.064	1827	3288	4353
13	324.521	74.891	1872	3370	4462
14	332.634	76.763	1919	3454	4574
15	340.950	78.682	1967	3541	4688
16	349.474	80.649	2016	3629	4805
17	358.211	82.666	2067	3720	4925
18	367.166	84.732	2118	3813	5049
19	376.345	86.851	2171	3908	5175
20	385.754	89.022	2226	4006	5304
21	395.398	91.247	2281	4106	5437
22	405.283	93.529	2338	4209	5573
23	415.415	95.867	2397	4314	5712
24	425.800	98.263	2457	4422	5855
25	436.445	100.720	2518	4532	6001

Yfirvinna er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

## Almennir taxtar rafiðnaðarmanna 1. febrúar 2013\*

	Mánaðar laun	Viku laun	Dag vinna	Yfir vinna	Stórh. vinna
<b>Rafiðn.maður að loknu 2ja ára fagnámi</b>	<b>222.394</b>	51.323	1283	2310	3058
<b>Rafiðn.maður að loknu 3ja ára starfsnámi</b>	<b>248.627</b>	57.376	1434	2582	3419
<b>Rafiðnaðarsveinn - byrjunarlaun</b>	<b>272.474</b>	62.880	1572	2830	3747
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 1 ár</b>	<b>276.825</b>	63.884	1597	2875	3806
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 3 ár</b>	<b>281.286</b>	64.913	1623	2921	3868
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár</b>	<b>287.768</b>	66.409	1660	2988	3957
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 7 ár</b>	<b>293.083</b>	67.636	1691	3044	4030
<b>Rafiðnaðarsveinn eftir 5 ár með meistararéttindi</b>	<b>305.000</b>	70.386	1760	3167	4194
	10 312.625	72.146	1804	3247	4299
	11 320.441	73.949	1849	3328	4406
	12 328.452	75.798	1895	3411	4516
	13 336.663	77.693	1942	3496	4629
	14 345.080	79.635	1991	3584	4745
	15 353.707	81.626	2041	3673	4863
	16 362.550	83.667	2092	3765	4985
	17 371.614	85.759	2144	3859	5110
	18 380.904	87.903	2198	3956	5237
	19 390.427	90.100	2253	4055	5368
	20 400.188	92.353	2309	4156	5503
	21 410.193	94.662	2367	4260	5640
	22 420.448	97.028	2426	4366	5781
	23 430.959	99.454	2486	4476	5926
	24 441.733	101.940	2549	4587	6074
	25 452.776	104.489	2612	4702	6226

Yfirvinna er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu

## **Launahækkunir frá 1. desember 2010 til 10. maí 2011**

Í þeim tilfellum þar sem almenn launahækkun hefur orðið í fyrirtæki á tímabilinu 1. desember 2010 til 10. maí 2011 er heimilt að taka tillit til þeirrar launahækkunar til frádráttar þeirri hækkun launa sem koma á til framkvæmda 1. júní 2011. Það er skilyrði að fyrir liggi að það hafi verið sameiginlegur skilningur samningsaðila að kjarasamningsbundin hækkun kæmi ekki til viðbótar við samningsbundna hækkun. Laun skulu þó í heild ávallt hækka um það lágmark sem kjarasamningur aðila kveður á um.

Komi upp ágreiningur um sameiginlegan skilning aðila hér að ofan hvílir sönnunarbyrðin á vinnuveitandanum.

